

Brunamálastofnun	Skjal nr.	VLR 14
VERKLAGSREGLA VLR 14	Útgáfa	04
Vægi athugasemda vegna skoðunar neysluveitna og	Dags.	15.01.10
öryggisstjórnunarkerfis rafverktaka	Bls.	1 of 2

VLR 14. Vægi athugasemda vegna skoðunar neysluveitna og öryggisstjórnunarkerfis rafverktaka

1. Tilgangur

Að tryggja að löggiltum rafverktökum sé kunnugt um hvaða vægi hinar ýmsu athugasemdir, sem gerðar eru við verk þeirra og öryggisstjórnun, hafa og hvernig þær eru flokkaðar.

2. Ábyrgð

Brunamálastofnun ber ábyrgð á að ákvæðum verklagsreglunnar sé fylgt.

3. Framkvæmd

3.1 Neysluveitur/öryggisstjórnun rafverktaka

Flokkun athugasemda gagnvart öryggi og áhættu er sem hér segir:

1. flokkur: Gefa skal ábendingu um galla, ef ekki er talin stafa hætta af neysluveitunni, m.a. vegna þess að frágangur, efni og búnaður er ekki samkvæmt reglum, eða efni og búnaður er ekki af viðurkenndri gerð og/eða öryggisstjórnunarkerfi er áfátt.
2. flokkur: Krefjast skal lagfæringar innan ákveðinna tímamarka, ef talið er að snertihætta eða brunahætta geti stafað af neysluveitunni, m.a. vegna þess að frágangur, efni og búnaður er ekki samkvæmt reglum, eða búnað vantar og/eða öryggisstjórnunarkerfi er ekki samkvæmt settum reglum.
3. flokkur: Krefjast skal tafarlausra lagfæringa þar sem mikil hætta er talin stafa af neysluveitunni og/eða þar sem miklir ágallar eru á öryggisstjórnunarkerfi.

Athugasemdir við lágspenn t raforkuvirki eru flokkaðar með hliðsjón af dæmum í viðkomandi skoðunarreglum Brunamálastofnunar: Flokkun athugasemda.

Frestur til lagfæringa er sem hér segir:

1. Í 1. flokki er eingöngu um ábendingar að ræða. Almennt ekki krafa um lagfæringar innan ákveðinna tímamarka.
2. Athugasemdir í 2. flokki: Almennt gefinn allt að þriggja mánaða frestur til lagfæringa í nýjum neysluveitum og öryggisstjórnunarkerfum rafverktaka, en í neysluveitum í rekstri eru lagfæringar á athugasemdum án tímamarka.
3. Athugasemdir í 3. flokki: Tafarlausra aðgerða er krafist sé þess kostur en almennt er ekki gefinn lengri frestur en 1 mánuður. Skoðunarstofa tilkynnir Brunamálastofnun tafarlaust um ástand veitna. Brunamálastofnun kveður upp úrskurð um framhald málsins (aftengingu veitu o.þ.h.).

Brunamálastofnun	Skjal nr.	VLR 14
VERKLAGSREGLA VLR 14	Útgáfa	04
Vægi athugasemda vegna skoðunar neysluveitna og	Dags.	15.01.10
öryggisstjórnunarkerfis rafverktaka	Bls.	2 of 2

Þær aðstæður geta verið að veita þurfi lengri frest. Brunamálastofnun getur ákveðið lengri frest, ef hún telur ástæðu til.

4. Tilvísanir

-
- VLR 10, Öryggisstjórnun rafverktaka
- Skoðunarreglur Brunamálastofnunar

Eyðublöð

- BST 3. 200

5.